Fyrir þessi hlunnindi, sem jeg skal strax taka til athugunar, á þjóðin að skerða frjálsræði sitt, og verða sjer til stórminkunar í augum allra nágrannapjóða.

Frjálsræði og mannorö eru þó dýrar vörur, þó dæmi sjeu til að þær hafi verið seldar fyrir peninga.

En jeg vildi óska að mjer tækist að sýna fram að ís-

.5 .04

lenzka þjóðin hafi ekki ráð á að gera þau kaup, sem hjer er um að tala. // Jeg vil geta þess að jeg hef ekki átt kost á að kynna mjer álit fjármálanefndarinnar, en byggi andmæli min gegn einokuninni í ymsum atriðum, á fyrirlestri þeim sem herra Sigurður Hjörleifsson hjelt hjer í bænum fyrir skómmu.

Hann gaf i skyn að einokunartillagan væri sniðin af dænum stórpjöðanna. Jeg efast um að honum takist að benda á slikt dæmi hjá mentuðum stórpjöðum; að minsta kosti veit jeg að flestir eru mótfallnir tollum á nauðsynjavörum, nema ef þeir skyldu vera lagðir á í þeim tilgangi að vernda innlendan iðnað eða framleiðslu. Aftur á móti ber mónum saman um að innflutningstollur sje rjettmætur á ónauðsynlegum vörum, því það geri hann tvófalt gagn, efli hag landssjóðsins og takmarki eða minki innflutninginn.

Nú hefur þjóðin útilokað ónauðsynlegustu vöruna úr landinu, að nafninu til, þá vöruna sem heppilegust var til toll-tekna. Til þess að bæta þann tekju-missi er í ráði að ná sjer niðri á nauðsynlegustu vörunni, á kostnað af alatvinnu rekenda landins.

En furðuverkið sem hjer er verið að framleiða liggar aðallega í þeiri dásamlegu uppgótvun nefndar-manna, að kolin muni verða ódyrari í landinu með einokun og áloðgum.

Já, þetta munar ekki svo litlu á metaskalum frásögumannsins. A einokunarárunum kvað hann að vænta mærti þess, að kolaverðið yrði Kr.20. til 25 pr. ton

eftir staðhattum, en núverandi verð væri nálagt því Kr. 2,50. til 14,50. hærra fyrir hvert ton.

Það er óparfi fyrir mig að reikna með óakvænum tónum, frekar en ræðumanninn, jeg ætla því að gizka á að meðal hagnaðurinn sem hans tölur gefa í skyn sjek um Kr. 8,50. pr. ton. Og með tilliti til skattsins sem sje Kr. 1,50. á samkvæmt þessu að græðast um Kr. 10,00. a hverju kola-tonni.

Þetta er laglegur skildingur og skal jeg ekki ásaka nokkurn mann, sem trúauð getur þessu, þótt hann vilji leggja talsvert i sólurnar til þess að verða að njótandi jafn hagkvæmra innkaupa eins og fjármálanefndin gefur, og jafnvel væri ekki nema eðlilegt að henni yrði falin innkaup á fleiri vörum.

En því er nú miður að samanburðurinn hjá hr. Sigurði Hjörleifssyni á núverandi kolaverzlun í landinu og þeirri fyrirhuguðu, er alls ekki rjettur, og því mjög villandi fyrir þá sem litið pekkja til þeirrar verzunar. Jeg ætla þó að láta mjer nægja eitt dæmi í þetta sinn, í von um að það gefi góða hugmynd um ónákvænnina.

Einkasalinn sendir kolafarm til einhværrar 4. flokks hafnar, þar sem hann hefur leyfi til að heimta Kr. 25,00. pr. tonn út á skipi (~~at minsta kosti~~). A þeim stöðum orsakast dyrleiki kolanna eingöngu af því hve vandhitt er gott veður til affermingar og hve hún er þar

af leiðandi áháttu- og kostnaðarsom. Nú er auðvitað ekki til þess að ætlast að einkasalinn selji kolin til almennings á skipafjól, heldur verður hann að selja þau kaupmanni á staðnum, er taki á sig alla áháttu og kostn-að er leiðir af uppskipuninni. Ef sá sami kaupmaður keypti kolafarm undir núverandi kringumstæðum, sje jeg ekki að hann þyrfti að kosta hann ^{þar} á höfninni annað en innkaupsverð að viðbættri fragt og umboðslaunum, sem ræðumaðurinn ágiskaði Kr.15,00. Þessi kaupmaður þyrfti því auðsjaanlega að borga einkasalanum Kr.10,00. herra fyrir hvert ton. Auk þess mundi hann vafalaust sæta hardari borgunarkjórum og að likindum eiga meira á hættunni að fá alls ekki kolin, ef illa hittist á sjó eða veður. Þarna ber okkur á milli Kr.20,00. á hverri smálest.

Og þykir mónum nú sennilegt að kaupmaður sá, er kaupa kann kolin 10 kr. dýrara pr. ton á einokunar-
árunum, geti selt kolin út frá sjer til bænda og húsráð-
enda fyrir tóluvert lægra verð en nú tiðkast? Nei, pau
hljóta að verða að minsta kosti að sama skapi dýrari.

Af reynslu vita menn einnig að kola hafa oft verið sold hjér í Reykjavík heimflutt ~~a 17 til 18 kr.~~^{um}. tonnið þegar mikil hefur verið keypt í senn og fyrir ~~16~~^{um} til ~~17~~ kr. tonnið til botnvörpuskipanna pótt innkaupsverðið ekki hafi verið lægra en það sem fjármálanefndin leggur til grundvallar. Segjum svo að við petta verð legðist landssjóðsskatturinn Kr. 1,50. pr. ton, er samt eftir álitlegur ágoði að því lagmarki sem ráðgert er að

NO. 4.

setja einkasalanum. Það er ágóði sem hann fær um fram effir
þann er núverandi kolakaupmenn láta sjer nægja.

Hr. Sigurður Hjörleifsson sneyddi annars hja
því i fyrirlestri sinum, að athuga hvort það væri eðli-
legt að kolin yrðu landsmónum jafn ódýr eða ódýrarí
með einokuninni. A þeim athugunum er þó meira að byggja
en gómlum og vitlausum verzlunarskýrslum og óljósum verð-
lagsvönum á einokunartínum.

Mjær er kunnugt um að íslenskir kolakaupmenn sæta vonum fremur góðum innkaupum, og betri kjórum hvað gjaldfrest snertir, en vanalegt er annars í kolaverzlinni. Þeir skifta við menn, sem hljóta að standa jafnfat-
is samningsáðila fíjamálanefndarinnar.

Pvi kann nú að verða slegið fram af vanþekk-
ingu á verzlunarháttum, að sá sem einkaleyfið hefði
mundi sæta miklu betri innkaupum vegna þess hve mikið
hann keypti. Jeg vil benda á það, að kolanáumurnar sjalf-
ar á Bretlandi flytja ekki kol út úr landinu. Þær hafa
daglega sitt vissa verð til kolautflytjenda og gera ekki
greinarmun á því hvort farmurinn sem keyptur er, er 1000
eða 2000 ton, aðeins að kaupandinn sjé gjaldtraustur og
skilvis með borgun innan 7 daga, enda alls óvist að sá
kaupmaður sem einokunina fengi, myndi gera meiri eða
betri verzlun við hlutaðeigandi námu, heldur en þeir sem
nú senda k kol til Islands, því þótt þeir hver um sig

kunni að senda minna hingað, kunna þeir að senda þeim mun meira til annara landa, og námunu gildir auðvitað einu hvað um kolin verður.

Kolakaupmennirnir semja oft við náumnar um kaup á vissum tonna fjólda, er þær skuldbinda sig til að skila á akveðnum tima. Þeir sem eru svo hepnir að kaupa kolin þá dagana, sem verð námannar er á lagmörkum, fá færi á að graða, og þegar verðið fer hækandi sjá þeir sjer oft hag i að selja stjettarbraðrum sinum kol með lægra verði en náumnar selja.

Hvaða ástæður hafa menn til þess að ætla að einkasalinn til Islands verði það gleggri en allir aðrir að hann hitti á lagmarkið þegar hann kaupir? Og þó hann yrði svo heppinn annað slagið, myndi ágöðinn auðvitað ekki renna i vasa Islendinga þar sem hann hefur leyfi til að hækka taxta sinn í samræmi við þá sem dýrast selja. Hins vegar, ef hann skyldi verða svo óheppinn að festa kaup á slánum timum, mun hann ekki verða átalinn fyrir það þótt hann leggi sitt haa innkaupsverð til grundvallar kolaverð-taxta okkar. Með óðrum orðum, honum er gefinn kostur á að tefla á kostnað og abyrgð Islendinga, en hirða sjalfur ágöðann.

Önnur ástæðan sem kann að hafa vakað fyrir nefndarmónnunum er sú, að einkasalinn kynni að hafa sín eigin skip til kolaflutninga til Islands. En það er engin ástæða til að ætla að hann sæji sjer hagnað í því.

No. 5.

Skipaleiguverzlunin er alveg sjerverzlun, sem ekki er tryggari en hver önnur, og sje jeg ekki hvers vegna vænta mætti að þessi kaupmaður legði sig frekar eftir peirri verzlun en aðrir kolautflytjendur, sem þó kunna að senda til ymsra landa margfalt meiri kol.

Priðja ástæðan er liklegt að verði sú, að einka
salinn njóti ódýrara farmgjalds vegna þess hve stóra
farma hann gæti sent til Íslands í einu. Þessi ástæðan
er jafnstaðlaus hinum, því svo er mál með vexti að stóru
skipin eru kostnaðarsamari og dýrari hvern daginn.

Vegna hafnleysis og tafsamra uppskipana tefjast skipin oft hjer við land, og sigla tóm til baka. Reynslan hefur því synt það að þau verða dýrari til kolaflutnings til Íslands heldur en ~~starri~~^{smorri} skipin. "Öðru málí væri að gegna ef stóru skipin fengi fljóta afgreiðslu og fragt fram og til baka. En sí hagvætur nodist luga síðus með niverandi fyrirkommlagi á Kolaverðslistinni

Jeg get ekki gizkað a hverjar aðrar astæður nefndarinnar kunna að verða, en þykist hinsvegar vera búinn að sýna fram á það, að kolin muni verða einkasalanum jafndýr hjer á höfnum eins og þau nú eru, og kemur þá næst til athugunar hvort einkasalinn stendur betur að viki hjer innan lands en núverandi kaupmenn.

En jeg álit mig ekki þurfa að eyða mórgum óþ-

um að því að gera monnum skiljanlegt að innlendu kaupmennirnir sem nú eru standa að ymsu leyti tóluvert betur að vigi. Það geta allir sjálfir sannfært sig um ^{það} sem nokkuð hugsa þetta mal. Þeir hafa að baki sjer margra ára reynslu, pekkja viðskiftamenn sina og alla staðhætti, og hafa þegar allan útbúnað og tæki til þess að reka kolaverzlunina. Þeir verzla með eðlilegri og frjálsri samkepni, sem er viðurkend að vera áreiðanlegasti mælikvarði verðlagsins og næsta trygging kaupandans fyrir því, að honum sje ekki reiknuð varan með óhæfilega háuverði.

Jeg bið nu eftir því að fjarmalanefndin hrekji
með rökum það sem jeg nú hef sagt, eða fari einhverjar
sennilegar ástæður fyrir því að einkasalinn geti rekið
kolaverzlunina á hagkvæmari hátt en nú gerist, og þá að
sá hagnaður renni í vasa landsmanna. A meðan verð jeg
að skoða skyrslu þeirra hjeraðlútandi, og hagnaðarvonir
nokkurs konar skrum-auglysingar, ætlaðar þeim ófróðari
monnum í þessu efni.

Afur á móti vildi jeg benda á ymsan óhagnað og opægindi sem landsmenn myndu hafa af kolaeinokuninni, - auk hækkandi verðs.

Þar sem er eðlileg samkefni, leitast seljandi
á allar lundir við að gera kaupendunum til hæfis. Hann

No. 6.

afgreiðir þá eins fljott og vel og hann getur. Og þar sem er um marga sölustaði að gera, getur naumast hjá því farið að kaupandinn geti hjá einhverjum þeirra fengið tafarlausa afgreiðslu. Hinsvegar ef kaupmaðurinn er einn, og hann sjer að kaupendurnir hafa einskis annars úrkostar en að biða, kann hann að fara eftir sinum hentugleikum, eða afgreiða eftir mannvirðingum. Góða skýringu á þessum kringumstæðum geta menn fengið úr 200 ára minningarriti Skúla Þórhalla biss. 227 - 231.

Jeg myndi t.d. aldrei geta átt upp á pall-borðið hjá þessum ónefnda kolakaupmanni og tryði honum til að taka sjer ekki mjög nærrí pótt botnvörpuskipið mitt biði einn dag eftir nokkrum náðarmolum af kolum. En hvaða tjón gæti jeg og aðrir haft af því að biða eftir afgreiðslu? Það gæti í öllu falli orðið margfalt meira en verð kolanna. Það gæti farið svo að islenzku botnvörpuskipin kysu frekar að fara með afla sinn á útlendan markað/eins og búast má við að ónnur botnvörpuskip geri - til þess að taka þar kolabyrgðir sinar. Af því myndi stafa atvinnumissir æg afturför i þessum alit-lega atvinnuvegi.

Af einokuninni leiðir lika af sjálfu sjer strangari borgunarkjór, en við erum flestir fatakir og þurfum a umliðingu að halda, og margur er sa sem alls ekki getur á annan hatt aflað sjer nauðsynjavara sinna. Hvers er annars að vænta en að einkasalinn áskilji borg-

un út í hónd eða fyrirfram, svo fátaeklingar verði að lata sjer nægja hitann sem einokunarbyrðin veitir þeim.

A þeim höfnum sem einkasalanum er ekki gert að skyldu að selja kol á landi, skilst mjer að menn verði að sætta sig við að vera kolalausir timum saman, ef skaparinn gefur ekki gott veður þegar kolaskip ber að landi.

EKKI MUN VERA GERT RAÐ FYRIR AÐ KAUPSTÓÐUM
FJÖLGI EÐA AÐ KOL PURFI AÐ AFFERMA Á NEINUM NÝJUM STÓÐ-
UM Á NÆSTU 15 ÁRUM. EKKI VÆRI PÁ ÓLIKLEGT AÐ ÞORLÁKS-
HÖFN OG AÐRIR SLIKIR STAÐIR MYNDU LÆKKA I VERÐI.

Hver á að bæta núverandi kolakaupmónnum fyrir þau rjettindi er þeir myndu missa með einokuninni eða borga þeim fyrir atvinnumissi og eignatap?

Ef einhverjir kaupendur hjer á landi skyldu óska eftir sjerstakri kolategund, er að skilja að þeir þurfi að gefa einkasalanum alt að því eins árs fyrirvara, þar sem tiltekið er að tilkynning verði að vera komin á skrifstofu leyfishafa í Reykjavík 1. júlí ár hvert. Þetta gæti orðið í meira lagi óþægilegt.

NO. 7.

vart hjer á landi, og því ekki óhugsandi að með timanum
geti hjer orðið námu gróftur landinu til ómetanlegs gagns.
Með tilloðum nefndarinnar skilst mjer að sú veika von
sje dauðadæmd í 15 ár, að minsta kosti að því er lands-
menn snertir. (En stórgróði gæti það auðvitað orðið fyr-
ir einkasalann útlenzka, ef hann fengi að selja landinu
þess eigin kol með því verði sem um er talað.)

Nefndin vill heimila einkasalnum að byggja
sinar eigin bryggjur hvar sem er eða ónnur uppskipunar-
tæki, sem honum svo yrði frjálst að nota sjálfum án af-
gjalds og lika að leigja óðrum eftir vild gegn borgun.

Nu er annað hljóð i stroknum en þegar innlendir menn hafa farið þess á leit og ýmist verið synjæð eða fengið leyfi með afarkjórum. En um það er ekki tækifæri að tala í þetta sinn, heldur vildi jeg aðeins benda á, að i hafnarlögum Reykjavíkur er gert ráð fyrir að þriðjungur allra tekna hafnarinnar verði hafnargjald af kolum. En mjer er ekki fyllilega ljóst hvort meinningin er að bæta því gjaldi ofan á alt annað, eða hvort þessi tvö lög eða lagafrumvörp sjeu svo lik hvort óðru að ekki sje til þess atlandi að þau geti samrymst.

Hvaða tryggingu eiga menn svo að hafa fyrir kolagæðunum og yfirleitt fyrir því að samningum verði

fylgt? Jeg byst við að bent verði til sektarfjárins, skörungsskapar yfirvalda landsins og danumensku einkasalans ónefnda, og vil jeg ógjarna raska ró peirra sem lífa í jafn indælli trú. En benda vildi jeg þó á það, að ómögulegt er að gera samning þann sem hjer er um að tala, nákvæmann og ákveðinn i öllum greinum þó til eins árs væri, hvað þá til 15 ára. // Fyrst og fremst er það hlægilegur barnaskapur að miða kolategundina við kol sem hingað til lands hafa fluzt frá einni skozkri kolánamu, og það einmitt kol sem hvorki eru góð húskol nje skipakol. Og svo mun eiga að meta kol fra óðrum nánum til verðs eftir tegunda-samanburði við þessi umtöluðu skozku kol. // Það verður mikið og vandasamt starf fyrir þann sem það hreppir. Nú er því pannig varið, að engin kolanaða framleiðir eina kolategund, vegna þess að það eru kolalogin ymisskonar og kolin aðgreind og tilreidd á ymsan hatt. Til dæmis eru kolin vanalega fyrst vinsuð á beltum ~~i two flokka~~, ~~þrjótaus kol og kol með grjoti~~. Því næst eru þau oft aðgreind eftir ~~stykja~~ stærð og salduð eða hreinsuð með vatni.

Ef maður skyldi svo hugsa sjer að einkasalinn yrði mannlegum breyzkleika buinn, og tæki feginis hendi því sem hjer er í boði, er ekki óliklegt að hann hagnyti sjer það til gagns.

Skyldi stjórnarráðið ekki hrókkva við, ef einhver fatæklingurinn kvartaði um að hann fengi grjót fyrir

kol eða sald fyrir heil stykki? Það er svo þagilegt ~~þ~~ fyrir einkasalann að segja að pessi vanþakkláti maður hafi mulið kolin eða sett grjot i þau. Yrði umkvörtunin almenn, kynni honum að verða náðarsamlega vikið frá um stundarsakir, en þá vantar másko eftirlauna-ákvæðin í samninginn.

Það er einkennilegt sem kom í ljós í ræðu hr. Sigurðar Hjörleifssonar, og sem oft klingir við hjer á landi, ~~þ~~ sem sje aminn við verzlun útlendinga. Það sem gildir í verzluninni er, að kaupandinn geti með hægu móti fengið hæfilegar vörur með sanngjörnu verði. Þjóðina varðar meira hverníg þessum þórfum er fullnægt en hverjir gengpað. Auðvitað væri þó æskilegt að Íslendingar stæðu svo vel að vigi gagnvart útlendingum, að þeir gætu algerlega notið þessarar atvinnu. En þar er til of mikils ætlast af þeim. Verzlunarstjett landsins er ung, en ber þó tiltölulega langþýngstu byrðarnar, þótt til hennar sje liklega minstu kostað af öllum stjettum landsins. Það átti illa við hjá ræðumannni að hallmæla islenzku verzlunarstjettinni einmitt þar sem aðalinn takræðu hans var að mæla með því, að útlendingi í öðru ríki sje gefinn einkarjettur til innflutnings og verzlunar á nauðsynlegustu vörum hjer á landi, og það án þess að hann borgi venjuleg gjöld til opinberra þarfa.

Jeg verð vafalaust mintur að hægra sje að motmæla tillögum fjármálanefndarinnar en að benda á betri tekju-
greinar til landssjóðs. // Ef á annað borð er óumflyjan-
legt að leggja skatt á kolin, dylst engum vonandi öðrum
en nefndarmónnunum, að heppilegra yrði að leggja bein-
linis á þau toll. En mundi ekki vera nægilegt að leggja
nokkurn toll eða skatt á öll þau kol sem flutt eru út úr
landinu eða seld til útlendra skipa, að undanskildum
postskipum og varðskipum.

Ef sá tollur yrði jafn háar þeim er nefndin hugsaði sjer, myndu þær tekjur nema um 160 þúsund krónum á ári, og auk þess hjeldi landið óskertum öllum opinberum gjöldum kolakaupmannanna og atvinnugröða þeirra.

Jeg ætlast til að kaupmenn þeir, sem seldu kol-
in til útlendu skipanna, stæðu landssjóði skil á tollin-
um. Með þessu fyrirkomulagi er tvænt unnið í samanburði
við einokunartilloguna. Útlendingarnir verða þessa lit-
ils varir, því þeir hafa óbundnar hendur að kaupa kolin
hvar sem þeir vilja og njóta frjálsrar samkepni seljend-
anna eftir sem áður, að tryggingu fyrir sanngjörnu verði.

I óðru lagi mætti búast við að petta fyrirkomulag myndi styðja að vexti og viðgangi íslenzka gufuskipaflotans og á þann hátt fára atvinnu og viðskifti inn i landið og drjúg bein gjöld til opinberra gjalda. Með óðrum orðum, ^{lafa} gersamlega gagnstæðar afleiðingar einokuninni.

Íslensk ós eftir sigrum ós a meðalit Íslenskum ós er betur
því að fóður að ós er nein fóður ós a meðalit
-margfalt meiri tekjur en einokunarskatturinn, og kámi okkur jafn-
framt í álit og vinfungi erlendra þjóða.

Jeg, og liklega fleiri, hafði gert mjer von
um að fjármálanefndin myndi skygnast lengra inn i við-
skiftalif og verzlun þjóðarinnar en aðeins að leita að
nauðsynjavörum til þess að tolla og einoka. Jeg hjelt
að hún myndi reka sig á ásteytingarstein íslenzku verz-
unarinnar og reyna að breyta honum í undirstóðu nútíðar-
viðskifta eins og þau eru hjá öðrum síðuðum þjóðum.

Jeg hjelt að hún myndi ekki gleyma því hve
þessi þjóð er famenn og fátæk, að hún þarf að sækja flest-
ar nauðsynjar sinar til nágrannapjöðanna, og þar að meðal
það, sem að verögildi gengur næst peningunum, sem sje-
traust eða "kredit". Þessi vara, ef jeg má svo að orði-
kveða, er sold dýru verði til íslenzku þjóðarinnar og
það ekki að astæðulausu.

Viðskifti þjóðarinnar eru sómu lögum háð sem
hvers einstaklings. Ef einstaklingarnir eru áreiðanleg-
ir, njóta þeir trausts til stórhagnaðar fyrir þjóð-
fjelagið.

Tókum til dæmis tvo fátækka menn, sem byrja-
verzlun sinn í hvoru lagi. Annar leggur hart að sjer
og neitar sjer um alt annað en það sem hann nauðsynleg-

ast þarf, til þess að standa í skilum við lánardrottinn sinn. Hann hefur skilyrði til þess að verða efnaður, ef hann ætið gætir vel þess fjar sem honum er trúð fyrir. Hann verður maske lengi að vinna sjer sjálfur varasjóð, en hann hefur altaf meðan á því stendur, "kredit"-varasjóð hja viðskiftavini sinum, sem hann oft fær að gripa til, ef hann verður fyrir ófyrirsjaanlegum óhóppum.

Hinn byrjandinn slær aftur a móti slóku við, sólundar sjálfur því sem honum var lánad og hefur pegas til a að taka ekkert i skuldina. Pennan mann álit jeg drygja glæp, ekki aðeins gagnvart lánardrotni sinum, heldur líka gagnvart þjoðfjelaginu, sem i heild sinni liður vegna ótrúmensku hans. Pennan glæp fremja Islandingar daglega, og það sem meira er, átölulaust. Þeir fremja hann í ymsum myndum utanlands og innan, bæði gagnvart hvor óðrum og útlendingum. Þjoðin er i heild að verða eins og fáteki óreiðumaðurinn, sem hvorki hefur sjoð nje "kredit", vini nje vandamenn að gripa til þegar i nauðirnar rekur.

En það litur ekki út fyrir að hún sje pessa meðvitandi, eða minsta kosti virðast ráðandi menn ekki sjá að hverju stefnir, um það ber einokunartillagan vott að nokkru leyti.

Til skamms tima var viðkvæðið, að afurðirnar okkar væru nóg góðar í danskinn. Nú eru þó flestir farnir að sjá að vörúóvandvirknin kemur okkur sjálfum í koll. En menn eru ekki komnir svo langt að skilja

það, að svik og prettir við láanardrottinn sje eitur í viðskiftum.

Skuldunauturinn er á allar lundir afsakaður en skuldheimtumaðurinn vanalega ásakaður fyrir ágengni og harðuð.

Dómararnir dæma að visu skuldunauta til að borga, en oft svo vægt sem lög frekast leyfa og með svo miklum drætti oft á tiðum, að skuldunautur getur haft nægan fyrirvara til þess að ráðstafa reitum sinum á annan hatt en til skuldalükninga.

Löggjafarpindið blaðs lika heldur að kolumnum, eður styður skuldunauta til þess að losna með hægu móti við skuldir sinar, t. d. með fyrningarlögum.

A hvern hatt verður þá traust lánardrottins unnið? Það verður aðeins unnið með því móti að hann sannfærist um að skuldunauturinn misbrúki það ekki.

Personuleg þekking á raðdeild og ráðvendni
lántakanda álita flestir lanardrottnar beztu trygginguna
í vanalegum viðskiftum, og þar næst góð efni, ef skuldu-
natur er þeim lögum háður, sem gefa lántardrottni trygg-
ing fyrir því að hann geti náð fje sinu með tilstyrk
þeirra ef á þarf að halda.

En þar sem hjer fer altof oft saman fátækt, óraðvendni og óhaf lög, getur engan furðað á því þó "kreditin" sje dyr.

Vjer purfum því fyrst og fremst að fa log, sem

vernda lánardrottinn, sem breyta hinu núverandi ófuga almenningsáliti, sem miða að því að gera lántakendur hygna og varkára í lántókum og ráðvanda og stundvisa í skilum. Og vjer þurfum að tryggja okkur stjórn, er gerir sjer ant um að lögunum sje stranglega framfylgt og rjetti- lega beitt.

Það er auðvitað mestur vandinn að semja þau
log, sem jeg þykist hafa bent á að vanti, eða finna
heppilegt rjettarfyrirkomulag í skuldamálum, er sniðið
sje eftir staðhattum og þórum þessa lands. En jeg ber
fylsta traust til lóggjafa landsins i þessu efni, ef
mjer bregst ekki sú von að þjóðin taki málid til ihug-
unar.

Jeg skal þó láta þá skoðun mina í ljósi að jeg hefi, eftir margra ára viðkynningu af viðskiftum hjer á landi og erlendis, komist að þeirri niðurstöðu að fangelsis hegning sje undir mör gum kringumstaðum óumflyjanleg til fullnæginga skuldadómum, enda þarf okkur ekki að þykja neinn vansi að því að feta að þessu leyti í fótspor annara þjóða.

I hitt eð fyrra fólk brezka stjórnin nefnd manna á hendur að rannsaka lög áhrarandi fangelsishegningu í skuldamálum og gefa tillögur um það hvort eða á hvern hatt þeim gæti á orðið breytt til batnaðar. Nefndin gaf upplýsingar um, að naumast dæmdust í fangelsi fleiri en 5% þeirra manna, er lógsottir væru í almennum skuldamálum. Þeir leggja eindregið með því að hegning-

arlogunum sje stranglega beitt segja að þau leiði af sjer batnandi síðferði i viðskiftum og ómetanlegt gagn baði þeim sem gefa og byggja "credit". Þeir enda erindi sitt pannig:-

"The confidence between creditor and debtor
is the foundation of trade".

a íslenzku:- Tiltrú lanardrottins og skuldunauts hvors til annars, er undirstaða verzlunar.

I gamla daga var viðkvæðið, að bokvitið yrði ekki látið i askana, og nú verður vafalaust einhverjum a að hugsa eða segja sem svo, að raðdeild og raðvendni sje ekki gjaldeyrir i landssjóð. En þeim vil jeg benda a, að ekki er minni vandi að gæta fengins fjar en afla, og að hver verður að sniða sjer stakk eftir vexti ef vel a að fara. Samrymi efnahags og eyðslu má a engan hatt raska.

Ef einstaklingum þjoðfjelagsins lærist ekki að meta fjeð og fara sparlega og raðvandlega með það, má hvorki vænta efnalegs sjálfstæðis af þeim eða þjoðfjelaginu. Mentunina vil jeg sizzt lasta, en sje hun eigi notuð til framleiðslu eða framfara i einhverjum greinum, er hun litils virði.

Haskoli hjá peirri þjoð, er soldi til einokunar nauðsynlegustu verzlunarvoruna, voruna, sem aðalatvinnuvegur landsins byggist a - hann myndi ekki skarta betur en hvitur flibbi a þurfmanni.

"Með logum skal land byggja" var orðtak forfeðra vorra og "ef vjer slitum login þa slitum vjer friðinn" sagði einnig Þorgeir forðum. Undirstaða þjoðfjelagsskipunar og laga er rjettlati. Tapist rjettlatistilfinningin hja þjoðinni, er bæði logunum og friðnum hætta buin.

Verði eigi spornað við því að orjettur riki
i landinu, að frelsishoft og einokunar byrðar sjeu
lagðar á þjóðina, hafa núlifandi frjálsir menn engu
minni ástæðu til að flyja land en forfeður vorir á dog-
um Haraldar hárfagra, - því betra er að vera annara
þjónn en eigin þrálli.

1. "Ólafur kallinn aumi"
úrvinda fólkis söng,
húsþóndinn hafði í taumi
hordróg sem bar hans föng;
þjóðin þrammaði í draumi
bröngħlaðin moldargöng.
2. Komin er öldin önnur,
oss hefur vaxið þor,
færði á það fagrar sönnur
frelsisgyðjan í vor;
veigar og valdar könnur
vífengja að til sé hor.
3. Ólafs ég eigi nenni
aftur að minnast hér;
Ólað ég annan kenni
allmikinn fyrir sér;
sá sem er mikilmenni
mann dóm í svipnum ber.
4. Ólafur gefugöngu
gekk inn í flokkadans,
vantrúin varð að öngu,
vék fyrir trúnni hans;
blysför bjó fyrir löngu
bjartsýni pessa manns.
5. Vill hann að vorri móður
vel megi farnast enn:
Nýsköpun, guð minn góður!
goðmál og hvöt í senn;
barf við svo þungan róður
brautreynda og vaska menn.
6. Heyna á kraft og kyngi,
kunnáttumanna scid,
meira en mas á þingi,
málþóf og orðaskreið
Oddvitinn stefnuslyngi
stýrir þar rétta leið.

7. Ybbast við Ólafs sóma
Öfundarmanna klær
semja um hann dylgjudóma
dratthalaskottur þar,
halar foringjans fróma
fremri eru en þeirra tær.
8. Ekki er hann ber á baki
búinn í þessa ferð,
hefur sem Hrólfur Kraki
hetjur með valin sverð.
Einn er þar margra maki
mestur að líkamsgerð.
9. Þorsteinn er heiðurshalur,
hrjúfur á pöruna,
svo sem sextugur hvalur
sendur á fjöruna,
Ólafi einum falur,
á hann því vöruna.
10. Hált er á heimsins svelli,
holklaki í sléttum mel;
það lá við Þorsteinn félíi,
þó er hann gætinn vel,
hrasaði ei hann af elli,
heldur Framsóknar vél.
11. Kappinn bar harm í hljóði
haltur og tautaði;
Ólafur íhaldsblóði
inn í hann sprautaði,
þá varð framsóknarfljóði
felmt við og snautaði.
12. Mikið er sóknarsviðið,
síst má því riðlast lið;
markvist skal stefnt á miðið,
mannagöfgi og trygðan frið;
gefjan og gullna hliðið
görpunum blasir við.

13. Yljum og aukum gengi
íslenskri þjóðarsál;
heitum á hrausta drengi,
hefjum vor Bjarkamál.
Fjallkonan lifi lengi,
lengi og vel hennar skál.

1. Sjá bjartan, háan Baulutind
er baðar sig í himinlind,
hér eignum við hans eftirmynnd
að ett frá sömu slóðum.
Listhelg er Þorsteins líkams-grind;
líparft fyrir ofan bind,
en neðanvert er göfug girnd
og gróðinn vex bar óðum.
2. Að grjótþolinu Baula býr,
af brjóstvitinu er Þorsteinn dýr,
þar liggja á milli leyndar brýr
úr lands og þjóðar efni.
Einn situr hér svo andlitsþýr,
sem eins og Snorri er fræðiskýr
og hurðir duldra dísa knýr,
ég Dala-goðann nefni.
3. Baula er forn en ber sig vel,
brýtur á henni rok og él,
ég kerling þeirri kveðju fel
til kerra Þorsteins byggða.
Um vin minn bessa von ég el,
ef völdin kynnu að fara í mél,
hann leiði bjargfast Baulubel
í búlönd fornra dyggða.

Okki á ad syðe ad ótun Epiánum

Hegdrud leundi! þú sem er sunni óttar hraður
þirtugardur ~~þ~~ þer er ad veja þín. Þirtugjöldi og huf,
vakundi auya fyrir óllu því sem fráin hefur farið og es fráin
ad fara; þenni astur níni munti. Áværi, það er haga.
Sagt en hjort, því það er að vomaður sem er ad althugs, og það er
ad evni gangi ferkodum. En því svára fyrir þí aðlars fröldi góður
ad vid skulum ad vid skulum kálu það allra manndilegasta sýr.
Fyrir en hagsa til hinns med brennandi áhugs hvunnar
sem líni os til. En hvad er það þá því sunni Þolanssonus
og bróðri minni sem vid þar sem helst ad farra ad ótti.
Vestri ferkid fra óttar, því skaljez sváa þer ad fosa
það, ad vís sjanum ótti. Vendi þorð ad heysta Þolandssýnir
og sunni Þolendingar. Jeg býsk ni en ad fín haga að fyrir
síði býjade ad vado neysl, en þa verð jey ad reið, ad sunnforsþing
Vid sem fætt land byggan eru flestallir seo Runnig. Rognvin
ad vís vitum hvad opst það hefur liggd erð borað vid grðum
ofur lydi bornis og kalladi Norðri eða Þærskifreynt.
~~A~~ líður finnum komst sinn Fævikkur leingf það var
Endadri Sturlung oldini ham. Gissur sem vildi verði jafn
Noreyskornungs hamr reindi með ráðum og dáðum ad
gjáva, atka Jóf fedað frolum synum sem hvorki fyrði
odr gætu hrætlögði lydu.
at ymta ða óforni og fyrir hans bólvudi að fari centi landit
óttar sem vid byggan mi, i þær helga greipar sem kromdir það og
kreifti til þess söglaðastans sem það stod i all fráins nytjan
oldina. ~~A~~ myrtendu óldinni os fjöldi, aðlars ordi, en því er tilleing
~~A~~ færð af því ad róu landi voru þá fæddir synir sem færdi
ad ganga i berhogg vid boddana og mamma uppfjördina og fá
hans í lyd með sjer til ad reið ad slyta hlesstkin, og það hverskum
þessum einlægu sonum Flans ad mikulu leyti. Saman ber stakkr
En hvar var foringur og hvar er hamr mi? hamr var Jón Viljardur
og liggur mi í grafsini hjer Þjórdarinn i henni RVR og
þangad getu allir fóðurlausvinum lausinsóttar farið og falad vid
hamr i hjartu sinn og spult er mi allt fyrir komulagd á ólla
stjórnarfjörum óttar eins og þú viltus hafa það, en hraustið
verður það sváid, það verður mi og afer líti og meira hamr
seydi sindi og sunnadi ad vid nornum svíkkur og hefðum
heeft. Gissur finnum, sem vildi húa óttar og kreifti
til hlydnir og undirleygasnapar. Verði gagnat þímu mál, og

4
dómkun að högnarinsar, og svo mikil mundi hann seyygum
hann fóin sál Sjúgðarinn eftir hann hefði miðanalt lyfta uppur
gróf skini og búi starfandi ^{með} meðalvor ad hoosti. Þriggji
Gunnarsson. Þá ráðheora enigillinn! Hannus éda óttar ír
þeirra nauta lyðin þíðri annad en ad fáta ofan af sjó
alla líga og svika Kransana í finn og fólkudeg fyrir ad
þér umki fildu þeim til þeirra hvert hvilu stadar, og yrði
þær bolvad og bankaungi af komandi kínslöðum sem mun
síða og skilja hvorunum milli Skóru og bolvum ad þeirri
síðu. Þólaus hafa sinn sig í ad vilja legðu yppi land og
~~síði~~^{skrár} fers og dollur og færir mæltu ræða.
~~svomkis~~<sup>geffir sagt ad opptáð sunnudag, leikur best, þegar landid opptákar götufaríðar fóra út kínslöðum
í innelund, Heydrudur Rókkur búur. Þegz sem fessa línur
rita Skóra míu að ykkur ad standa fást í háðar felur
og hópa míu ekki af Vígnellinum heldur ad bejark
mæð hnuum og hnefum undi merki fóins sál Sjúgðar
og heinti í hans stad annan fón finna þingbætinum
til ad bejark þær að móðan lyf hans enlist heldandi
að merkissstængjum hans rafni, sín og þær
gull fágre merkisorden. Þland skul verða fjalst
sem fjalla Valasinn:</sup>

At fói syður þári að vera sem fjalstu hvat snertir dani og
áðra fjöldi, og einmitt míu þegar fálsverða peningar fórdi er komi
sinn lendið og meum fara ad neða sjálftædir einmitt færir
reynd. Ad hanskum syni munu fói með allri möti vilja fóra
at Kínslöður að ráða loγum og lofum, en svo best man fóð
ganga ad ekki. Lendi vid fóð dem komið er og allir skiljan
er, sem fíllan áklunum hafa, ad fyrirkomulagið er óbrukandi
bredi gagnat oldum og Óbornum,